

12. fundur

17. janúar 2019

1605024SA IRÓ

Málalykill: 16.35

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fimmtudaginn 17. janúar 2019 í Borgartúni 30 og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sat Gunnar Helgason af hálfu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

**1. Innleiðing starfsmats**

Samkvæmt fundargerð 18. maí 2018 var reiknað með að innleiðingu starfsmats fyrir Fíh yrði lokið eigi síðar en 31. desember 2018. Einnig var bókað á sama fundi að komi til frekari seinkunar verði upplýst um það á fundi samstarfsnefndar aðila.

Innleiðingarferli fyrir BHM félögin hefur tekið lengri tíma en reiknað var með í maí og náðist því ekki að ljúka því á tilskyldum tíma.

SNS lagði til á fundi með formönnum og starfsfólki aðildarfélaga BHM þann 17. desember 2018 að innleiðingu starfsmats yrði framhaldið og lokið eigi síðar en í lok janúar 2019.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að innleiðingu starfsmats og að vinna við það hefjist um leið og innleiðingu starfsmats BHM félaganna er lokið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30